
Holtavörðuheildarlína 1, Hallarmúlaleið, nýr valkostur

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 15. september 2023 barst Skipulagsstofnun viðbót við matsáætlun Landsnets um Holtavörðuheildarlínu 1 vegna nýs valkostar við línuleið Holtavörðuheildarlínu 1, svokallaða Hallarmúlaleið. Skipulagsstofnun gaf út álit sitt um matsáætlun lagningar Holtavörðuheildarlínu 1 þann 21. júlí 2022 þar sem fjallað var um og lagðir fram til mats 10 valkostir við legu línunnar sem fylgdu í meginatriðum núverandi byggðalínu úr Hvalfjarðarsveit norður á Holtavörðuheidi. Í matsáætluninni var engin umfjöllun um ofangreindan valkost en í umsögn í matsáætlunarferlinu komu fram ábendingar um þann möguleika að fara með línuna fjær ræktuðu landi í Bæjarsveit og til norðurs um Stafholtstungur en í svörum hafnaði Landsnet þeirri línuleið með ýmsum rökum. Fyrirtækið telur hins vegar að við nánari skoðun sé slíkur valkostur nú raunhæfur. Landsnet hyggst því leggja mat á áhrif umrædds valkostar og verður ráðist í sams konar rannsóknir og sömu rannsóknaraðilar fengnir til auk þess sem sama aðferðafræði og nú þegar hefur verið lýst í samþykktri matsáætlun mun verða notuð til að meta umhverfisáhrif hins nýja valkostar.

Skipulagsstofnun sendi umsagnarbeiðni til þeirra umsagnaraðila sem gáfu umsögn um matsáætlun Landsnets í fyrra ferli og gaf þeim kost á að senda inn umsögn um þessa nýju línuleið. Um er að ræða eftirfarandi umsagnaraðila: Borgarbyggð, Húnaþing vestra, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Landgræðslan, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.

Matsáætlun um nýjan valkost var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 19. september 2023. og var einnig aðgengileg í Skipulagsgátt og á heimasíðu Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is. Kynningartími var frá 19. september til 18. október 2023.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Holtavörðuheildarlína 1. Nýr valkostur til umhverfismats. Landsnet - Verkís, ágúst 2023.

Umsagnir bárust frá:

- Borgarbyggð þann 25. september 2023.
- Hvalfjarðarsveit þann 11. október 2023.
- Skorradalshreppi þann 18. október 2023.
- Hafrannsóknastofnun þann 27. september 2023.
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra þann 18. október 2023.
- Minjastofnun Ísland þann 13. október 2023.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 18. október 2023.
- Landgræðslunni þann 16. október 2023.

Auk þess bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum:



Maren Davíðsdóttur þann 9. október 2023, Davíð Aðalsteinssyni og Guðrúnu Jónsdóttur þann 15. október 2023, Sigtryggi Sigtryggssyni þann 17. október 2023, Grétari Reynissyni þann 17. október 2023, Ástu Möller og Hauki Haukssyni þann 18. október 2023, Arnaldi Gunnarssyni þann 17. október 2023, Jósef Rafnssyni þann 17. október 2023, Magnúsi Magnússyni þann 17. október 2023, Jóhanni Sveinssyni þann 17. október 2023, Jóni Guðbjörnssyni þann 17. október 2023, Þórunni og Ingibjörgu Bergþórsdætrum þann 17. október 2023, Arndísi Björnsdóttur þann 17. október 2023, Bergþóri Jóhannessyni þann 17. október 2023, Sveini Ragnarssyni þann 17. október 2023, Sigrúnu Tómasdóttur og Tómasi Tómassyni þann 17. október 2023, Sigrúnu Sturludóttur og Þór Ragnarssyni þann 17. október 2023, Guðrúnu Sigurjónsdóttur og Eiði Ólasyni þann 16. október 2023, Veiðfélagi Norðurár þann 18. október 2023, Þórhalli Bjarnasyni þann 18. október 2023, Þorvaldi Jónssyni þann 18. október 2023, Arnari Grétarssyni þann 18. október 2023, Eiríki Blöndal þann 18. október 2023, Margrėti Sigurðardóttur þann 18. október 2023, Veitum þann 18. október 2023, Landvernd þann 18. október 2023 og Hraunsnefi sveitahóтели ehf. þann 17. október 2023.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 8. desember 2023.

3 Framkvæmd

Í matsáætlun Landsnets um Holtavörðuheiðarlínu 1 voru kynnt áform fyrirtækisins um lagningu nýrrar, 220 kV raflínu um 90 km leið frá tengivirki á Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki á Holtavörðuheiði. Línuleið hins nýja valkostar um Hallarmúla er 29,8 km að lengd og liggur frá tengivirki við Vatnshamra meðfram núverandi byggðalínu að Heggstöðum þar sem línan sveigir til norðausturs yfir Hvítá og þaðan um Stafholtstungur til austurs að Hamraendum. Þar sveigir línan til norðurs í átt að Hallarmúla. Línan liggur síðan meðfram Hallarmúla og þaðan upp á Grjótháls (Mynd 1).


Framkvæmdum við byggingu háspennulína má skipta í aðstöðusköpun, slóðagerð, skurðgröft, efnistöku, vinnu við undirstöður og stagfestur, samsetningu og reisingu mastra, strengingu leiðara og jarðvíra og frágang í verklok. Þeim er lýst í matsáætlun vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 en sömu framkvæmdaþættir eiga við línuleið skv. nýjum valkosti, Hallarmúlaleið.

4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun Landsnets um nýjan valkost ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatsskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatsskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatsskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatsskýrslu Holtavörðuheiðarlínu 1 umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.



Mynd 1. Valkostur BC1 – Hallarmúleið liggur frá Vatnshömrum um Stafholtstungur að Hallarmúla og þaðan upp á Grjótháls. Einnig er sýndur samanburðarkafli BC1.a meðfram núverandi línuleið. (Úr greinargerð Landsnets).



Valkostir

Í matsáætlun Landsnets kemur fram að valkostur um Hallarmúla sé tæknilega raunhæfur og að lagt verði sambærilegt mat á umhverfisáhrif allra valkostanna, þ.m.t. Hallarmúlaleiðar.

Í mörgum umsögnum kemur fram andstaða við valkost um línuleið um Hallarmúla og hefur Landsnet svarað því til að við ítarlegri greiningu en vanalegt er að gera á matsáætlunarstigi hafi komið í ljós að um væri að ræða raunhæfan valkost sem uppfylli markmið framkvæmdarinnar. Með því að leggja mat á þennan valkost og bera saman við aðra valkosti er reynt að lágmarka þá óvissu sem gæti skapast í lok umhverfismatsins, sem fælist í að geta ekki enn svarað því hvort Hallarmúlaleiðin hefði á einhvern hátt önnur umhverfisáhrif en aðrir valkostir, og þá hvernig.

Skipulagsstofnun ítrekar það sem fram kom í fyrirliggjandi álitni stofnunarinnar um Holtavörðuheidiarlínu 1 að þar sem allir framlagðir valkostir, þ.á.m. hinn nýi valkostur um Hallarmúla, uppfylli markmið um rekstaröryggi þurfi í umhverfismatsskýrslu við val á aðalvalkosti að rökstyðja ítarlega hvaða umhverfis- og samfélagslegu þættir vógu þyngst við þá ákvörðun og hvaða mótvægisáðgerðir ef einhverjar koma til greina til að draga úr neikvæðum áhrifum.

Landslag og ásýnd – Útivist og ferðapjónusta

Í matsáætlun kemur fram að með tilkomu nýs valkostar bætist við hagsmunaaðilar sem framkvæmdir við Holtavörðuheidiarlínu 1 varðar. Í rannsókn Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri og Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála um áhrif Holtavörðuheidiarlínu 1 á útivist og ferðapjónustu verður gert ráð fyrir Hallarmúlaleið, sem m.a. byggir á viðtölum við ferðapjónustuaðila sem ekki voru hluti af þeirri rannsókn sem gerð var sumarið 2022.

Í umsögnum er gerð athugasemd við þá lýsingu í matsáætlun að línuleið um Hallarmúla fari um ræktað landbúnaðarland með bæjum og sumarhúsum þar sem ljós sé að hluti leiðarinnar fer um ósnortið hallendi, með grónum hlíðum þar sem engin lína eða vegir eru fyrir. Í mörgum umsögnum er síðan bent á að háspennulína og línuvegir munu rjúfa landslagsheildir og breyta ásýnd og landslagi svæðisins til framtíðar. Jafnframt er bent á að verðmætu, óspilltu landsvæði verði spillt með lagningu línu um Hallarmúla, og öll ásýnd og upplifun á svæðinu kollvarpist en ekki virðist vera gert ráð fyrir að lagt verði mat á áhrif á slík svæði m.t.t. útivistar. Þá er bent á að loftlínan verður sýnileg frá fjölmörgum veiðistöðum við Norðurá. Ennfremur þurfi að meta áhrif á uppbyggingarmöguleika sumarhúsabyggðar á ýmsum jörðum á áhrifasvæði fyrirhugaðs línuvalkosta og ljóst er að Hallarmúlaleið, mun draga verulega úr framtíðarmöguleikum til uppbyggingar á Varmalandi. Bent er á að efri hluti Stafholtstungna og Norðurárdalur eru þegar mikið útivistarsvæði sem eftirsótt sé af sumarhúsaeygendum og ferðamönnum til útiveru.

Í svörum Landsnets kemur fram að í skipulagsáætlunum felist m.a. framtíðarsýn sveitarfélags um landnýtingu, svo sem uppbyggingu frístundabyggða og útivistarsvæðis. Skipulagsáætlanir verða hafðar sem viðmið í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda og að því leyti er lagt mat á möguleg áhrif í þessu tilfelli nýs valkostar Holtavörðuheidiarlínu 1 á framtíðarnýtingu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að við mat á vægi landslagsheilda þurfi að taka mið af því gildi sem ósnortin eða lítt röskuð svæði hafa þó að þau njóti ekki formlegrar verndar. Þá bendir Skipulagsstofnun á að mat á áhrifum á útivist og ferðapjónustu þarf að vera sambærilegt vegna nýrrar línuleiðar og vegna valkosta meðfram núverandi línu og greina þarf þau áhrif sem háspennulína kann að hafa á upplifun þeirra sem stunda ferðamennsku og útivist sem og sumarbústaðaeigendur á áhrifasvæði nýs valkostar eins og gert var ráð fyrir í tilfelli annarra valkosta, með m.a. viðhorfskönnunum. Þá er við þá áhrifagreiningu nauðsynlegt að velja ljósmyndastaði á allri línuleið nýs valkostar sem sýna hugsanlegar breytingar á ásýnd með tilkomu loftlínu frá tilteknum sjónarhornum, m.a. frá Þjóðvegi 1.



Fuglar

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að athuganir á áflugi séu ekki síður mikilvægar fyrir valkost um Hallarmúla þar sem hann liggja um landbúnaðarsvæði og votlendi á láglendi þar sem t.d. gæsa hópar séu tíðir, sérstaklega á fartíma.

Í svörum Landsnets kemur fram að áflugshætta gæti verið til staðar á þeim hluta Hallarmúlaleiðar sem sé í nálægð við Flóðatanga og þar sem línan liggja með Hvítá í átt að Stafholtsveggjum. Norðan Stafholtsveggja er líklega minni áflugshætta. Hólmavatn á Grjóthálsi liggur nálægt línuleið, en þar er himbrimi.

Í ýmsum umsögnum er bent á að Hallarmúlaleið sé miklum mun nær mikilvægum fuglaverndunarsvæðum og svæðum á náttúruminjaskrá, s.s. Ferjubakkaflóa, Ystutungu, Grábrókarhrauni og Hreðavatni, heldur en fyrirhugað línustæði meðfram eldri byggðalínu. Þá er bent á að meta þurfi sérstaklega áhrif línu um Hallarmúlaleið á fuglalíf á vötnum, tjörnum og votlendi á Grjóthálsi sem eru uppeldissvæði fyrir unga ýmissa fuglategunda, t.d. bæði himbrima og álfta.

Skipulagsstofnun bendir á að athugasemdir stofnunarinnar um athuganir og mat á áflugshættu í fyrirbyggjandi álit eiga ekki síður við nýjan valkost um Hallarmúla.

Vatnalíf

Í matsáætlun fyrir valkost um Hallarmúla kemur ekki fram ábending Hafrannsóknastofnunar sem kom fram í umsögn stofnunarinnar við fyrri matsáætlun um mikilvægi þess að leitað verði allra leiða til uppfylla efnisþörf utan árfarvega eftir því sem kostur er. Skipulagsstofnun ítrekar að við val á efnistökusvæðum þurfi að taka mið af þessari athugasemd í umhverfismatskýrslu allra valkosta.

Reykjavík, 21. desember 2023

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson

